



Bárðarlaug

Snæfellsbær

Stjórnunar- og verndaráætlun 2019-2028

Desember 2019

Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2019 – 2023	5
1. INNGANGUR	6
1.1. Samráð	6
1.2. Eignarhald og umsjón	7
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	7
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	7
2. LÝSING Á SVÆÐINU	9
2.1. Mörk svæðisins.....	9
2.1.1. Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði.....	9
2.2. Náttúruminjar	9
2.2.1. Jarðminjar	9
2.2.2. Gróður og vistgerðir/jarðvegur	10
2.2.3. Dýralíf.....	10
2.3. Menningarminjar	10
2.4. Landnotkun.....	11
2.5. Helstu ógnir.....	11
2.6. Innviðir og mannvirki	11
2.6.1. Landvarsla	11
2.6.2. Aðgengi; vegir, bílastæði og stígar	11
2.6.3. Skilti.....	11
2.6.4. Úrgangur	12
2.7. Öryggismál	12
2.8. Fræðsla og kynning	12
2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför	12
2.10. Rannsóknir og vöktun	12
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	13
3.1. Mat á umhverfi og náttúru svæðisins.....	13
3.2. Náttúruminjar	13
3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf.....	13
3.3. Landnotkun	13
3.3.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun	14
3.3.2. Ferðaþjónusta og útivist.....	14
3.4. Innviðir og mannvirki	14
3.4.1. Landvarsla	14
3.4.2. Vegir og bílastæði.....	14
3.4.3. Stígar og gönguleiðir	14
3.4.4. Skilti.....	15
3.4.5. Úrgangur	15

3.5. Öryggismál	15
3.6. Fræðsla og kynning	15
3.7. Mönnuð og ómönnuð loftför	15
3.8. Rannsóknir og vöktun	16
4. SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	17
HEIMILDIR	18
VIÐAUKI I	19
VIÐAUKI II	20
VIÐAUKI III	21
VIÐAUKI IV	22

Leiðarljós

Leiðarljós áætlunar þessarar er að varðveita fegurð Bárðarlausar og þá kyrrð sem þar ríkir.

Aðgerðaáætlun 2019 – 2023

Kaflr þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum fyrir náttúruvættið Bárðarlaus. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Upplýsingar um Bárðarlaus á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Reglulegt eftirlit verði haft með svæðinu og ástandi þess.
- ✓ Unnið verði að því að uppræta lúpinu innan náttúruvættisins.

2019

- ✓ Eftirlit með náttúruvættinu Bárðarlaus verði sett inn í vinnuskipulag þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.
- ✓ Stikur við göngustíg að Bárðarlaus verði fjarlægðar.

2020

- ✓ Núverandi aðkomuskilti fjarlæggt.
- ✓ Lítil skilti, sem sýna að hvorki næturgisting né notkun flygilda sé leyfileg, sett upp við Bárðarlaus.
- ✓ Nýtt aðkomuskilti fyrir friðlandið „Ströndin við Stapa og Hellna“ sett upp við friðlandið.
- ✓ Ítarlegri upplýsingar um Bárðarlaus verði settar inn á svæði náttúruvættisins á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2021

- ✓ Öryggisáætlun friðlýstra svæða verði staðfærð fyrir náttúruvættið.

2022

- ✓ Niðurstöður rannsókna verði aðgengilegar á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.

2023

- ✓ Áætlun endurskoðuð.

1. Inngangur

Náttúruvættið Bárðarlaug er sunnan við Snæfellsjökul, vestan við veg niður að Hellnum. Bárðarlaugin sjálf er sporöskjulaga tjörn í fögrum gjallgíg sem jökull hefur sorfið í lok ísaldar. Hæðin þar sem gígurinn er nefnist Laugarholt. Innan marka náttúruvættisins er önnur tjörn, Laugarvatn, sem er undir Laugarholtinu norðvestanverðu.

Megin markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Bárðarlaug er að draga fram sérstöðu svæðisins og leggja fram stefnu um hvernig viðhalda megi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagaðila. Hún er hugsuð sem stjórn tæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir það.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Bárðarlaug hófst haustið 2018. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er sett í samræmi við 81. gr. [laga um náttúruvernd nr. 60/2013](#). Áætlunin var að hluta til unnin samhliða stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið „Ströndin við Stapa og Hellna“.

Samstarfshópin skipuðu:

Björg Pétursdóttir, fulltrúi landeigenda
Kristinn Jónasson, fulltrúi Snæfellsbæjar
Hjálmar Kristjánsson, íbúi á svæðinu
Lydía Rafnsdóttir, íbúi á svæðinu
Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi Svæðisgarðs Snæfellsness
Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
Jón Björnsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
Linda Björk Hallgrímsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar

Áætlunin gildir til ársins 2028 og er henni skipt í fjóra kafla. Í fyrstu tveimur köflunum eru bakgrunnsupplýsingar um Bárðarlaug, í þriðja kafla er sett fram stefna og markmið fyrir svæðið og í fjórða kafla eru tilgreindar þær sérreglur um umferð og dvöl sem gilda um hið friðlýsta svæði samkvæmt áætlun þessari. Með stjórnunar- og verndaráætluninni fylgir aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Listi yfir samráðsaðila er í [viðauka IV](#) og var haft samráð við þá eins og þurfa þótti og kallað var eftir. Fundur fyrir landeigendur, íbúa svæðisins, sem hafa þar fasta búsetu, og valda samráðsaðila var haldinn 27. mars 2019 á gestastofu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Malarrífi. Á fundinum mættu fimm aðilar auk starfsmanna Umhverfisstofnunar. Á fundinum voru stjórnunar- og verndaráætlanir kynntar almennt og sagt frá vinnu við áætlun Bárðarlaugar. Kallað var eftir skoðunum fundarmanna um þau málefni sem fjallað verður um í áætluninni. Fundarmenn sýndu allir áhuga á að vinna að gerð áætlunarinnar og mynduðu þeir samstarfshóp um

vinnuna. Þeir landeigendur Bárðarlaugar sem ekki komust á fundinn og aðrir sem boðaðir höfðu verið á hann fengu fundargerð og önnur gögn send síðar. Öllum samráðsaðilum var sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um vinnu við áætlunina, kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna.

1.2. Eignarhald og umsjón

Náttúruvættið Bárðarlaug er í óskiptu landi fjögurra jarða. Jarðirnar eru Laugarbrekka, Gíslabær, Brekkubær og Skjaldartröð.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur umsjón með náttúruvættinu fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Bárðarlaug, ásamt næsta nágrenni, var friðlýst árið 1980 sem náttúruvætti skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum, nr. 445/1980, sjá auglýsingu um friðlýsingu í [viðauka I](#).

Í friðlýsingu Bárðarlaugar er alþjóðlegra samninga ekki sérstaklega getið en þeir samningar sem hafa þýðingu fyrir náttúruvættið eru samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningurinn) sem fullgiltur var árið 1993, samningur um líffræðilega fjölbreytni (Ríosamningurinn) sem fullgiltur var árið 1995 og evrópski landslagssamningurinn sem fullgiltur var í ríkisstjórn Íslands í lok mars árið 2019.

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs í samræmi við [lög um menningarminjar nr. 80/2012](#). Helgunarsvæði umhverfis friðaðar minjar er 15 m frá ystu mörkum þeirra og 100 m frá friðlýstum minjum.

Snæfellsbær fer með skipulagsvald á svæðinu.

Nýtt aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031 var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar vorið 2018, sjá [hér](#).

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Bárðarlaug er friðuð sem náttúruvætti vegna jarðfræðilegs gildis hennar en fegurðargildi staðarins er einnig mikið. Fræðslu- og vísindagildi hennar er einnig hátt þar sem auðvelt er að benda leikmanni á jarðfræðileg form og landmótun. Verndun Bárðarlaugar styður ákvæði 3. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#) þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar segir m.a. að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skuli stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis og stöðuvötn svo sem kostur er. Samkvæmt 48. gr. sömu laga segir m.a. um náttúruvætti að friðlýsa megi einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þyki til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Náttúruvætti geti t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skuli jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt sé til þess að þær fái notið sín.

Samkvæmt skilgreiningu [Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN](#) fellur Bárðarlaus í flokk III. Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði en hafa oft mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Mörk náttúruvættisins fylgja Útnesvegi nr. 574 að norðan og þaðan með vegi niður að Hellnum að Dreplukolludys. Þaðan niður Laugarholt til vesturs í átt að Laugarbrekku, áfram til norðurs að vesturenda Laugarvatns og upp á þjóðveginn á ný. Mörkum svæðisins er nánar lýst í auglýsingu um náttúruvættið nr. 445/1980, sjá kort í [viðauka III](#). Innan náttúruvættisins eru tvö lítil vötn eða tjarnir, Bárðarlaug og Laugarvatn. Stærð náttúruvættisins er 43,6 ha.

2.1.1. Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði

Frá vegi 574, Útnesvegi, er beygt niður að Hellnum og er bílastæði við veginn, skammt frá Bárðarlaug. Þaðan er stuttur gangur, um 300 metrar, að barmi gígsins. Mikil umferð ferðamanna er niður að Hellnum þar sem er kaffihús, hótél og frístundabyggð auk íbúabyggðar. Á aðalskipulagi er gert ráð fyrir frístundabyggð sunnan við náttúruvættið. Vestan við það eru friðlýstar minjar Laugarbrekku og er það svæði skilgreint sem opið svæði á aðalskipulagi.

Friðlýstar fornminjar eru vestanvert við Laugarholtið, utan náttúruvættisins, þar sem landnámsjörðin Laugarbrekka er en þar var jafnframt þingstaður, kirkja og kirkjugarður. Friðlýstar dysjar, skráðar og uppmældar, eru við Laugarholtið og einnig norðan við Bárðarlaug. Helgunarsvæði þeirra síðasttöldu skarast við mörk náttúruvættisins.

2.2. Náttúruminjar

Í Laugarholti ofan Hellna er Bárðarlaug, formfögur tjörn í fornum, alldjúpum gjallgíg sem sorfinn er af jökli og hefur hann skilið eftir ávalt landslagsform umhverfis tjörnina. Hvorki gígurinn né tjörnin sjást fyrir en komið er upp á gígbarminn. Það gerir tjörnina ævintýralega og ekki spillir fyrir að í bakgrunni blasir Snæfellsjökull við. Laugarvatn er undir Laugarholtinu norðvestanverðu og liggur Útnesvegur meðfram því. Bakkar þess eru grónir og fallegur gróður stendur upp úr vatnsyfirborðinu. Á vatninu má oft sjá endur, máva og álfir með unga.

2.2.1. Jarðminjar

Bárðarlaugin sjálf er 0.017km² að stærð. Gígurinn er sorfinn af ísaldarjöklinum. Jarðhiti hefur ekki verið í lauginni eftir landnám þrátt fyrir laugarheitið og sögu Bárður Snæfellsáss sem á að hafa baðað sig í lauginni.¹ Laugarvatn er um 0.029km² að stærð.

¹ Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórsson (1980).

2.2.2. Gróður og vistgerðir/jarðvegur

Laugarholtið er eins og áður segir forn gígur. Helstu vistgerðir eru, samkvæmt [vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands](#), melar og sandlendi (víðimelavist), mólendi (hraungambravist og hélumosavist), graslendi (stinnastaravist) og skriður og klettur (ljónslappaskriðuvist). Þær vistgerðir hafa lágt og miðlungshátt verndargildi skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands en flestar þeirra eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Rétt sunnan við mörk náttúruvættisins má finna gulstararflóavist sem hefur mjög hátt verndargildi.² Vötnin tvö, Bárðarlaus og Laugarvatn, eru flokkuð sem flatlendisvötn á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Vistgerð þeirra hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.³

Lúpína hefur náð að sá sér við Bárðarlaus og er hún ofarlega við gönguslóðann að lauginni. Stærsti bletturinn er um 10x10m að stærð en minni blettir eru á stangli í nágrenninu. Um kílómetra neðan við mörk náttúruvættisins eru hins vegar stærri blettir og breiður.

2.2.3. Dýralíf

Í náttúruvættinu má sjá og heyra í algengum tegundum mófugla og við Laugarvatn halda sig andfluglar og mávar en náttúruvættið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.⁴

Árið 1986 gerði Veiðimálastofnun athugun á Bárðarlaus og Laugarvatni með það að markmiði að kanna skilyrði til fiskræktar í vötnunum. Bleikju hafði verið sleppt í Bárðarlaus allöngu áður en lítill árangur hafði verið af þeirri sleppingu og var bleikjan smávaxin og veiddust aðeins litlar murtur í vatninu. Bleikjan varð kynþroska mjög lítil og náði ekki að vaxa að ráði. Bárðarlaus var ofsetin af bleikju, fjöldi fiskanna var of mikill miðað við fæðuframboð. Laugarvatn var fisklaus. Niðurstaðan varð sú að bæði vötnin eru það lítil að fæðuframboð verður aldrei nóg til að vötnin gefi af sér umtalsvert magn af fiski og möguleikar á ræktun mjög takmarkaðir nema með fóðrun.⁵ Vitað er að smáfiskur er í Bárðarlaus en ekki hve mikill.

2.3. Menningarminjar

Aðalskráning fornleifa á Hellnum og Arnarstapa var unnin árið 1999 í tengslum við gerð aðalskipulags Snæfellsbæjar.⁶ Fornminjar eru ekki innan náttúruvættisins sjálfs samkvæmt skráningunni en merkar minjar og friðlýstar eru í nágrenni þess sbr. kafla 2.1.1. og skarast helgunarsvæði hluta þeirra við mörk náttúruvættisins. Minjastofnun Íslands hefur umsjón með menningarminjum sbr. lög um menningarminjar.

Sögur og sagnir tengjast náttúruvættinu og á örnefnið Bárðarlaus rætur að rekja til Bárðarsögu Snæfellsáss sem baðaði sig í lauginni við komuna til landsins.

² <http://vistgerdakort.ni.is/>

³ <https://www.ni.is/greinar/flatlendisvotn>

⁴ <http://vistgerdakort.ni.is/>

⁵ Sigurður Már Einarsson (1987)

⁶ Ragnar Edvardsson (2001).

Dreplukolludys er kennd við óvætti sem ásótti íbúa Hellna og drap fé þeirra. Bóndi á Skjaldartröð drap hana og var hún urðuð á holtinu.⁷

2.4. Landnotkun

Náttúruvættið er nýtt af ferðafólki til náttúruskoðunar og af ljósmyndurum.

2.5. Helstu ógnir

Mikill fjöldi gesta gæti ógnað lífríki náttúruvættisins og upplifun þeirra sem koma þangað. Lúpína gæti jafnframt ógnað lífríki þess.

2.6. Innviðir og mannvirki

Aðkomu- og fræðsluskilti eru við bílastæðið við Bárðarlaug og vegvísar vísa gönguleið upp á gígbarminn þangað sem göngustígur liggur. Önnur mannvirki eru ekki á svæðinu.

2.6.1. Landvarsla

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull sér um landvörslu náttúruvættisins.

2.6.2. Aðgengi; vegir, bílastæði og stígar

Útnesvegur, nr. 574, liggur ofan við Bárðarlaug og Hellnavegur liggur meðfram henni. Við Bárðarlaug er lítið bílastæði. Göngustígar hafa ekki verið lagðir í náttúruvættinu.

Um 300 metra löng gönguleið liggur upp holtið frá bílastæði upp á barm gígsins þaðan sem Bárðarlaug sést. Þaðan liggur leiðin áfram niður gróna hlíð að vatnsborðinu og er gróðurinn farinn að láta á sjá. Frá Bárðarlaug er gönguleið niður að fornminjunum að Laugarbrekku en ekki er um eiginlegan stíg að ræða. Gönguleiðarnar hafa verið stíkaðar.

2.6.3. Skilti

Gamalt aðkomuskilti og nýlegt fræðsluskilti um Axlar-Björn eru við bílastæðið við Bárðarlaug. Einnig er Dreplukolludys merkt og vegvísir frá Vegagerðinni er að Bárðarlaug frá bílastæðinu.



⁷ <http://lysuholsskoli.vortex.is/skolahverfid/sogur/skjaldartroth.html>

Aðkomuskilti

Fræðsluskilti um Axlar-Björn

2.6.4. Úrgangur

Sorpílát eru ekki við náttúruvættið.

2.7. Öryggismál

Bílastæðið við náttúruvættið er lítið og nánast útskot frá veginum. Hætta getur stafað af umferð niður að Hellnum. Nokkur halli er á göngustígnum upp hæðina á gígbarminn og smásteinar í honum þannig að mögulegt er að fólk sem á erfitt með gang renni til og detti þegar það gengur til baka niður að bílastæðinu.

2.8. Fræðsla og kynning

Fróðleikur um náttúrufar og sögu Axlar-Bjarnar er á skiltum við bílastæðið. Upplýsingar um náttúruvættið eru á heimasíðu Umhverfisstofnunar og í bæklingum sem stofnunin hefur gefið út um svæðið.

2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför

Umhverfisstofnun hafa ekki borist ábendingar um truflun vegna loftfara við náttúruvættið.

2.10. Rannsóknir og vöktun

Landverðir sinna vöktun á göngustíg og umgengni. Ekki hafa margar rannsóknir verið gerðar í náttúruvættinu Bárðarlaug svo vitað sé fyrir utan rannsókn sem gerð var vegna hugmynda um fiskeldi, sjá [kafla 2.2.3.](#)

3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Bárðarlaugar og viðhalda verndargildi svæðisins. Í kaflanum verða markmið skilgreind og greint frá því til hvaða aðgerða beri að grípa til að ná settum markmiðum.

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031, kafla 3.2 segir um Bárðarlaug: „Bárðarlaug er friðlýst. Stærð náttúruvættisins er um 43.6 ha. Æskilegt er talið að leitast við að koma í veg fyrir ágang þar og að ekki verði um eiginlega mannvirkjagerð að ræða.“

3.1. Mat á umhverfi og náttúru svæðisins

Umhverfisstofnun fylgist með náttúrulegu ástandi svæðisins og álagi af völdum ferðamanna/landnýtingar og grípur til viðeigandi ráðstafana ef ástand versnar. Ef álag af völdum ferðamanna eykst verður svæðið ástandsmetið, líkt og önnur ferðamannasvæði, og niðurstöður birtar í Ástandsmatsskýrslu Umhverfisstofnunar árlega.

Aðgerðir:

- ✓ Reglulegt eftirlit verði haft með svæðinu og ástandi þess.

3.2. Náttúruminjar

Náttúruvættið Bárðarlaug ber heiti laugarinnar sem er efst á Laugarholtinu. Hún er forn gígur sem mikilvægt er að varðveita og koma í veg fyrir að átroðningur fólks raski. Í jaðri náttúruvættisins er lítið, kyrrt vatn, Laugarvatn, sem einnig er mikilvægt að vernda. Þar vex fallegur vatnagróður við bakkana og ýmsar tegundir fugla halda sig á eða við vatnið yfir sumartímann.

3.2.1. Jarðminjar, gróður og dýralíf

Stefnt skal að því að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs með stýringu umferðar. Ef bregðast þarf við jarðvegsrofi verður það gert í samráði við Landgræðslu ríkisins. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu. Uppræta skal lúpínu innan náttúruvættisins, eins og kostur er, og hefta útbreiðslu hennar. Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum, sbr. [viðauka I](#).

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi náttúrufars og innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Árlega verði unnið að því að uppræta lúpínu innan náttúruvættisins.

3.3. Landnotkun

Landnotkun innan náttúruvættisins skal vera í samræmi við friðlýsingarskilmála náttúruvættisins, stjórnunar- og verndaráætlun og aðalskipulag Snæfellsbæjar.

3.3.1. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka og ljósmyndun sem skipulagðar eru innan verndarsvæðisins skulu ekki raska gróðri, dýralífi eða upplifun fólks. Kvikmyndagerð og ljósmyndun sem getur haft áhrif á þá þætti er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. reglu nr. 1 í kafla 4. Sækja skal um leyfi vegna kvikmyndatöku og ljósmyndunar í atvinnuskyni á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

3.3.2. Ferðaþjónusta og útivist

Stefnt er að því að Bárðarlaug verði ekki áningarstaður fyrir fjölda ferðamanna en haldi sérstöðu sinni og kyrrð. Ekki er leyfilegt að hafa næturdvöl í náttúruvættinu, sbr. reglu nr. 3 í kafla 4. Gæludýr ber að hafa í taumi innan náttúruvættisins þannig að þau trufla síður dýralíf og gesti sbr. reglu nr. 4 í kafla 4.

3.4. Innviðir og mannvirki

Hlíðar gígsins Bárðarlaugar eru einkar viðkvæmar fyrir umgengni og því ekki æskilegt að fjöldi fólks heimsæki staðinn. Í leiðarljósi áætlunarinnar er einnig stefnt að því að kyrrð Bárðarlaugar haldist sem mest. Af þessum ástæðum er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu innviða við náttúruvættið heldur að umgjörð þess haldist áfram lágstemmd en virkt eftirlit verði haft með ástandi svæðisins. Verði svæðið þekktara þarf hins vegar að grípa til ráðstafana.

3.4.1. Landvarsla

Stefnt er að því að landverðir þjóðgarðsins Snæfellsjökuls hafi reglulegt eftirlit með náttúruvættinu og heimsæki það reglulega.

Aðgerðir:

- ✓ Eftirlit með náttúruvættinu Bárðarlaug verði sett inn í vinnuskipulag þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

3.4.2. Vegir og bílastæði

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á veg sem liggur við náttúruvættið eða bílastæði. Lítið bílastæði stýrir að nokkru aðgengi og getur komið í veg fyrir að ágangur á svæðið aukist um of.

3.4.3. Stígar og gönguleiðir

Til að sporna við ágangi fólks er ekki gert ráð fyrir að bæta göngustíg að Bárðarlaug heldur að hafa hann lítt áberandi. Stíkur sem nú eru við stíginn verði fjarlægðar. Stefnt skal að því að gönguleiðin að Bárðarlaug verði fjarlægð úr göngukorti þjóðgarðsins Snæfellsjökuls næst þegar það verður uppfært. Aukist straumur fólks að svæðinu og ógni verndargildi þess er stefnt að því að grípa til viðeigandi aðgerða til að sporna við ágangi.

Aðgerðir:

- ✓ Stíkur við göngustíg verði fjarlægðar.

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi náttúrufars og innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.

3.4.4. Skilti

Gamla aðkomuskiltið fyrir friðlandið „Ströndin við Stapa og Hellna“ sem staðsett er við Bárðarlaug er orðið lúíð og verður fjarlægð. Nýtt aðkomuskilti fyrir friðlandið verði sett upp við bílastæði nær ströndinni. Í stað aðkomuskiltis við Bárðarlaug verði sett upp lítil skilti sem sýna að hvorki næturgisting né notkun flygilda sé leyfileg. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir fleiri skiltum við náttúruvættið.

Aðgerðir:

- ✓ Núverandi aðkomuskilti fjarlægð.
- ✓ Lítil skilti sem sýna að hvorki næturgisting né notkun flygilda sé leyfileg, sett upp við Bárðarlaug.
- ✓ Nýtt aðkomuskilti fyrir friðlandið „Ströndin við Stapa og Hellna“ sett upp við friðlandið.

3.4.5. Úrgangur

Sorptunnur verða ekki settar upp innan náttúruvættisins.

3.5. Öryggismál

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar í tengslum við öryggismál við Bárðarlaug.

Aðgerðir:

- ✓ Öryggisáætlun friðlýstra svæða verði staðfærð fyrir náttúruvættið.

3.6. Fræðsla og kynning

Upplýsinga- og fræðsluefni um jarð- og menningarminjar verndarsvæðisins skal vera aðgengilegt almenningi ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast jarð- og menningarminjum svæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Ítarlegri upplýsingar um Bárðarlaug verði settar inn á svæði náttúruvættisins á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- ✓ Upplýsingar um náttúruvættið á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.

3.7. Mönnuð og ómönnuð loftför

Ekki er leyfilegt að lenda þylrum innan náttúruvættisins. Til að vernda þá kyrrð sem ríkir við Bárðarlaug er notkun ómannaðra loftfara, svo sem flygilda, ekki heimil í og við náttúruvættið

nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. reglu nr. 2 í kafla 4. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi við þær reglur.

3.8. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og er ekki lokið. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsörðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Bárðarlaug en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Aðgerðir:

- ✓ Niðurstöður rannsókna verði aðgengilegar á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.



4. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í náttúruvættinu Bárðarlaug sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Kvikmyndataka og ljósmyndun í atvinnuskyni og sem getur haft áhrif á náttúruvættið er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.3.1.](#)
2. Ekki er leyfilegt að lenda mönnum loftförum innan náttúruvættisins og notkun ómannaðra loftfara er einnig bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. [kafla 3.7.](#) Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.
3. Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis sbr. [kafla 3.3.2.](#)
4. Gæludýr ber að hafa í taumi innan náttúruvættisins þannig að þau trúfli síður dýralíf og gesti sbr. [kafla 3.3.2.](#)

Heimildir

Einar Haukur Kristjánsson og Haukur Jóhannesson. (1982) Árbók 1982.

Ísafoldarprentsmiðja: Ferðafélag Íslands.

Hús og skipulag ehf. (2018). *Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031*. Sótt af vef

<https://snb.is/thjonusta/skipulag/adalskipulag/>

Jón Magnússon. 1968. <https://www.ismus.is/i/audio/uid-af471053-37a1-45f6-a084-a2ae9046c50c>

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Minjastofnun Íslands. Sótt af vef <https://www.map.is/minjastofnun/>

Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af vef <https://www.ni.is/greinar/flatlendisvotn>

Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af vef <http://vistgerdakort.ni.is/>

Ragnar Edvardsson. (2001). *Fornleifar á Hellnum og Arnarstapa. Aðalskráning*.

Fornleifastofnun Íslands. Sótt af vef <http://fornleif.is/wp-content/uploads/2018/01/FS089-99031-Hellnar-og-Arnarstapi.pdf>

Sigurður Már Einarsson. (1987). *Bárðarlaus og Laugarvatn, fiskiræktarmöguleikar*.

Borgarnes: Veiðimálastofnun. Borgarnes. Sótt af vef

https://www.hafogvatn.is/static/research/files/vmstv_87017_bardarlaus_laugarvatn.pdf

Skólahverfi Lýsuhólsskóla. Skjaldartröð. Sótt af vef

<http://lysuholsskoli.vortex.is/skolahverfid/sogur/skjaldartroth.html>

Umhverfisstofnun. Sótt af vef <https://ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/vesturland/bardarlaus-snaefellsbae-/>

Vísir. (1964). Sótt af vef http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=2370489

Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson. (1980). *Landið þitt Ísland*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Viðauki I

Stj.tíð. B, nr. 445/1980.

Sérprentun nr. 400.

Reglur um náttúruvætti

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Bárðalaug í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ásamt næsta nágrenni, og er hér um náttúruvætti að ræða.

Mörk náttúruvættisins eru:

Að norðanvestan ræður þjóðvegur. Að norðaustan ræður vegur að Hellnum frá þjóðvegi að Björnsdys. Frá Björnsdys lína í norðvesturhorn Fornu-Laugarbrekkutúns. Þaðan bein lína um suðvesturodda Laugarvatns að þjóðvegi.

Um náttúruvættið gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé snyrtilega gengið um.
2. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð.
4. Á svæðinu má hvorki skerða gróður né raska jarðmyndunum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.


Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1980


F.h.r.

Birgir Thorlacius

Viðauki II



Viðauki III



Viðauki IV

Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til. Tilyfning um vinnslu áætlunarinnar var send til eftirtalinna stofnana, félagasamtaka og einstaklinga:

- Átthagafélag Snæfellinga og Hnappdæla
- Björgunarsveitin Lífsbjörg
- Ferðafélag Íslands
- Ferðamálasamtök Snæfellsness
- Ferðamálastofa
- Félag leiðsögumanna
- Fiskistofa
- Fjallahjólbandalagið
- Flugmálafélag Íslands
- Fuglavernd
- Hafrannsóknarstofnun
- Hótel Arnarstapi
- Íslandshótel
- Landgræðsla ríkisins
- Landsamband hestamannafélaga
- Landsamtök hjólréiðamanna
- Landvernd
- Lögreglan á Vesturlandi
- Markaðsstofa Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Vesturlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi
- Samgöngustofa
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök útivistarfélaga - Samút
- Skipulagsstofnun
- Skógræktarfélag Íslands
- Skógræktin
- Slysavarnarfélagið Landsbjörg
- Snæfellsbær
- Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

- Vegagerðin
- Vestureignir ehf.
- Hellnaborpið ehf.
- SJ fasteignafélag
- Christine Marie Blin

F.h. Umhverfisstofnunar, 10. desember 2019


Sigrún Ágústsdóttir, settur forstjóri


Guðbjörg Gunnarsdóttir, sérfræðingur


Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra